

1113. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 9. apríl 2014 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0 hæð.

Mætt voru: Ólafía B. Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Ásta Rut Jónasdóttir Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Gísli Kristján Gunnsteinsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri, Steinunn Böðvarsdóttir starfsmaður VR og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1112. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1112. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Vinnufundur vegna undirbúnings ASÍ þings

a. Tilurð og saga VR í ASÍ

Saga

Árni fór stuttlega yfir sögu umsóknar VR að ASÍ á glærum. Í máli hans kom fram að það hafi ekki gengið þrautalaust fyrir sig og þurft til dóm Félagsdóms og Hæstaréttar Íslands árið 1962. Var þetta stórmál í þjóðfélaginu á sínum tíma og aðalfrétt allra fréttablaða og talið stórpólitískt.

Skattur

Þá fór Árni yfir þann skatt sem sambönd og félög greiða í skatt til ASÍ en hann reiknast sem 7,4% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga. Árið 2013 var upphæðin 78.5 milljónir kr. frá VR.

Nefndir

Næst var brugðið upp mynd af þeim nefndum á vegum ASÍ þar sem VR félagar eiga sæti og með nöfnum þeirra hjá hverri nefnd.

Fjöldi fulltrúa og val þeirra á þing ASÍ

Árni fór þá næst yfir þær lagagreinar og reglur sem eiga við um kjör og heildarfjöldi fulltrúa á ASÍ þing. Kom fram að samtals eigi seturétt 290 þingfulltrúar en fjöldi fulltrúa VR er 85, fjöldi frá öðrum LÍV félögum er 17 eða alls 102 fulltrúar verslunarmanna.

Kjör er þannig framkvæmt að stillt er upp lista sem samþykktur er í trúnaðarráði og síðan fer hann til kjörstjórnar sem auglýsir eftir mótframboðum í allsherjaratkvæðagreiðslu.

b. Skipulag ASÍ

Ólafía Björk sagði næst frá skipulagi og starfsemi ASÍ á glærum. En í máli hennar kom m.a. fram að tæplega 106 þúsund félagsmenn 51 aðildarfélaga séu í sambandinu. Það eru félög í 5 landssamböndum og 7 stéttarfélögum með beina aðild að ASÍ. Samhliða þessari yfirferð lagði hún fram skjalið „*Alþýðusamband Íslands*“ þar sem lesa má um öll helstu atriði er varða starf og skipulag sambandsins.

Umræður.

c. Minnisblöð frá þeim sem sitja í nefndum á vegum ASÍ

Ingibjörg Ósk sagði frá störfum Alþjóðanefndar ASÍ og lagði í því sambandi fram skjalið „*Punktur um alþjóðanefnd ASÍ*“ og rakti hún innihald þess í stuttu máli.

Umræður.

Ásta Rut sagði frá störfum Jafnréttis- og fjölskyldunefndar og lagði í því sambandi fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar VR um jafnréttis- og fjölskyldunefnd ASÍ*“ dags. 09.04 2014. Fór hún yfir efni þess.

Páll Örn kynnti Lífeyris- og veikindaréttarnefnd ASÍ. Þar hefur mikið verið fundað og veglegt stefnuskjal verið unnið um málaflokkinn. Þar hefur einnig verið unnið að undirbúningi ASÍ þings í haust vegna þessara málefna.

Rannveig sagði frá vinnu sinni í stjórn Vinnueftirlits ríkisins þar sem hún situr sem varafulltrúi ASÍ.

Bjarni Þór sagði frá vinnu sem fer fram í nefnd um framtíðarskipan húsnæðismála. Mikið er fundað í nefndinni og mun hún skila af sér skýrslu á morgun.

Umræður.

Ólafía Björk sagði frá störfum Skipulags- og starfsháttanefndar ASÍ og lagði í því sambandi fram skjalið „*Fundargerð fastanefndar hjá ASÍ*“ dags. 09.10 2013. Einnig sagði hún frá störfum Atvinnumálanefndar ASÍ en þar hefur hún setið 4 fundi og er nú verið að undirbúa þar ASÍ þingið í haust.

Þá sagði Ólafía Björk frá störfum Menntanefndar ASÍ en þar situr fyrir verslunarmenn Kristín María Björnsdóttir starfsmaður VR á Austurlandi. Lagði hún í því sambandi fram skjalið „*Lagt fram á stjórnarfund nr. 1113*“ sem er minnisblað Kristínar Maríu um málefni og störf nefndarinnar.

Umræður.

c. Þjónusta ASÍ

Ólafía Björk fór nú yfir á glærum alla helstu þjónustubætti ASÍ gagnvart aðildarfélagum en sú þjónusta er aðallega með tvennum hætti þ.e. með víðtækri og markvissri þekkingaruppbyggingu og upplýsingamiðlun til aðildarsamtakanna en einnig með því að aðildarsamtökin hafi jafnan aðgang að sérfræðingum á skrifstofu ASÍ sem geti aðstoðað við fjölda þátta s.s. undirbúning kjarasamninga og túlkun þeirra, ráðgjöf og leiðbeiningar um almenna þætti er snerta starfsemi félaganna og aðstoð varaðandi alls kyns sértæka málaflokka svo fátt eitt sé nefnt. Kom fram í máli hennar að VR nýtir sér meira og minna alla þjónustubætti ASÍ.

Umræður.

d. Hópvavinna

Nú var komið að hópavinnu þar sem skoðuð var framtíðarsýn VR með aðild að ASÍ. Lagðar voru fyrir hópana tvær spurningar:

Hvernig ætlar VR að hafa áhrif á stefnu ASÍ?

Ætlar VR að vera með í sameiginlegri launastefnu ASÍ?

Var hópnum skipt í þrennt og voru Steinunn, Árni og Stefán útnefnd sem hópstjórar og ritarar. Þau kynntu svo niðurstöður hópanna sem voru eftirfarandi:

Hópur 1.

Í hópnum sátu Ásta Rut Jónasdóttir, Dóra Magnúsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Sigurður Sigfússon og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir. Hópstjóri var Steinunn Böðvarsdóttir sem ritar samantekt.

Spurning 1 - Hvernig ætlar VR að hafa áhrif á stefnu ASÍ?

Hópurinn skoðaði þessa spurningu í víðu samhengi, ekki eingöngu hvernig við ætlum að hafa áhrif á þingi sambandsins heldur hvernig við getum komið okkar sjónarmiðum betur að innan ASÍ.

1 = Aukið lýðræði - auðveldari aðkoma félagsmanna að ákvarðanatöku

ASÍ er þungt í vöfum og gamaldags, boðleiðir eru of langar og erfitt að hafa áhrif. Rætt hvernig hægt er að tryggja að viðhorf og vilji félagsmanna stéttarfélaganna nái í gegn. Endurskoða þarf hvernig aðild er háttáð að sambandinu og hvernig skipulag er varðandi skipan í nefndir og ráð. Þá var rætt um þingið og hvernig ákvarðanatöku væri háttáð þar, e.t.v. mætti gera þingið og þingfulltrúa ábyrgara fyrir vinnunni en ekki reiða sig um of á aðkomu ASÍ að textavinnu, ályktunum osfr. Á hinn bóginn var bent á að það er einmitt hlutverk ASÍ að vinna undirbúningsvinnu, þar er sérfræðiþekking og úrræði sem þingfulltrúar hafa aðgang að.

2 = Skoða möguleika á beinni aðild að ASÍ

Rætt var hvort núverandi skipan landssambanda og aðild þeirra að ASÍ væri gamaldags og endurspegli ekki lengur hvernig samfélagið virkar. Rætt var um að skoða þyrfti kosti og galla beinnar aðildar VR að ASÍ og kosti og galla þess skipulags sem nú er við lýði.

3 = Einföldun á skipulagi ASÍ

Skilvirkara og einfaldara skipulag gæti dregið úr blokkarmyndum innan ASÍ og gert skipan í nefndir réttlátari. Rætt var um hvar ákvarðanataka innan ASÍ liggi, sumir meta það svo að hún liggi hjá nefndunum, þar eru lagðar línur fyrir stefnumörkun málaflokka. Aðrir telja að nefndir hafi ekki þetta vald. Skipulagið er of flókið og erfitt fyrir VR að koma sínum áherslum að.

4 = VR skoði eigin stöðu og líti í eigin barm, tryggi aðkomu sína

Mikilvægt að VR líti í eigin barm t.d. við undirbúning fyrir þing, komi vel undirbúið og með skýrt umboð. Þetta snýst um aðferðafræðina við undirbúninginn, fundi og möguleikana á að ná til fólks. Fundarfyrirkomulag barns síns tíma, leita þarf nýrra leiða til að fá fram vilja félagsmanna og koma honum áfram. VR þarf að vera virkara í sínum eigin málum, hvert viljum við að ASÍ fari? Við verðum að tefla okkar fólki fram í nefndir og áhrifastöður innan ASÍ til að tryggja að okkar rödd heyrist.

5 = Þrengja fókusinn – hreyfingin á að snúast um kjarabaráttuna –ASÍ orðið of víðfeðmt

Nokkur umræða var um umfang ASÍ, sumir telja að sambandið sé farið að láta til sín taka á of mörgum vígstöðvum og því sé hætt á að það dragi úr áhrifmætti þess á þeim vettangi þar sem mestu skiptir, kjarabaráttunni. Við viljum skerpa fókusinn á nýjan leik, ekki dreifa kröftunum og víða.

6 = Gera skemmtilegra

Ásýnd og ímynd ASÍ þarfnast endurskoðunar, þessi mál þurfa ekki að vera leiðinleg og fráhrindandi.

Spurning 2 - Ætlar VR að vera með í sameiginlegri launastefnu ASÍ?

Skiptar skoðanir voru innan hópsins til þessa máls, spurningunni ekki svarað með afgerandi hætti.

1 = Þurfum að skoða leiðir og verkfæri áður en við getum svarað þessari spurningu.

Hópurinn taldi mikilvægt að veða og meta kosti þess að vera með og vera ekki með í sameiginlegri launastefnu ASÍ. Sumir svöruðu því strax játandi, að VR ætti að vera með, sameiginleg launastefna hefði skilað jákvæðum árangri fyrir félagsmenn, hagsmunir atvinnurekenda og félagsmanna eru að mörgu leyti sameiginlegir og var m.a. vísað til reynslu síðustu ára þar sem atvinnurekendur og launafólk þurfti að leggjast á eitt til að halda atvinnulífinu gangandi.

Aðrir töluðu um að hagsmunir færu ekki alltaf saman og að ekki væri hoggið í stein að VR væri með í sameiginlegri stefnu. VR hefði burði til að fara fram eitt hvað varðar launastefnu fyrir sína félagsmenn og setja fordæmi fyrir aðra.

Þarf að skoða hvaða leiðir eru færar ef við erum ekki með og hvaða verkfæri við höfum til að fara þessa vegferð ein. Verkfallsvopnið er ekki eins áhrifaríkt hjá VR og hjá sumum öðrum starfshópum. Atvinnugreinasamningar voru ræddir sem fær leið fyrir félagið, einnig var rætt um þrýsting frá félaginu á fyrirtæki og hvort VR hefði aðkomu að stjórnnum fyrirtækja. Upplýsingar um stöðu fyrirtækja fást í ársreikningum og væri það eitt þeirra verkfæra sem VR gæti nýtt í launastefnu sinni.

2 = Vantar sveiginleika

Sameiginleg launastefna veiti VR ekki það svigrúm sem félagið þarf í ljósi stærðar sinnar og þess hver mikil breidd er innan þess hvað varðar laun, starfsheiti og atvinnugreinar. Sumar greinar standa betur en aðrar og hafi borð fyrir báru, því var spurt hvort ekki væri rétt að fyrirtæki í þeim greinum greiði hærri laun en önnur fyrirtæki þar sem staðan er erfið? Hér var einnig rætt um jafnræði og sanngirni sem einkenni sameiginlega launastefnu, það skipti máli hvernig við skiptum kökunnari.

Hópur 2.

Í hópnum sátu Gísli Kristján, Rannveig, Birgir Már, Benóný Valur, Guðrún Björk og Bjarni Þór. Hópstjóri var Árni sem ritar samantekt.

Spurning 1 - Hvernig ætlar VR að hafa áhrif á stefnu ASÍ?

- # 1 = Umræða meðal félagsmanna, kynning og undirbúningur fyrir þing.
- # 2 = Tilnefna í hópinn tímanlega
- # 3 = „Lobbýa“ á þinginu / hagsmunagæsla
- # 4 = Ræða öryggismál / streita / einelti á ASÍ þinginu
- # 5 = Mótun stefnu komi frá VR til ASÍ (ekki öfugt)

Rætt var um að kynna vel innan VR hvað við viljum og koma vel undirbúin til ASÍ þings með fastmótaðar skoðanir okkar. Ættum að halda fundi með félagsmönnum eða setja upp nefnd í VR sem skoðar málefni sem VR hefur áhuga á vegna stefnu ASÍ. Þurfum að tala fyrir okkar málum á þinginu og fá aðra með okkur („lobbýa“). Ef við viljum breytingar eigum við að gera það innan frá en ekki hlaupast á brott úr ASÍ ef við erum óánægð með stefnuna. VR er stórt afl og við getum vel fundið aðra með okkur en gæta þarf þess að einnig sé samstaða í öllum LÍV hópnum. Ættum að tilnefnda fulltrúa okkar með löngum fyrirvara svo hægt sé að stilla af baráttumálin og vera með skipulagða hagsmunagæslu. Rætt að kalla mætti í nefndir ASÍ áhugasamt fólk og að þurfi að gera meira úr vinnu nefndanna ekki bara semja skýrslur. Tilfinningin er sú að oft komi „mötun“ inná ályktanir málefnaþópa á ASÍ þingum en því þurfi að linna.

Meira þurfi að koma af upplýsingum frá nefndarmönnum okkar í nefndum ASÍ svo þeir geti fengið meiri endurgjöf inni málefnavarfi nefndanna. Nefndarmenn eiga að tala máli okkar í nefndunum því við eigum að segja ASÍ fyrir verkum ekki öfugt. Við mótum stefnuna.

Spurning 2 - Ætlar VR að vera með í sameiginlegri launastefnu ASÍ?

1 = Já, ef við vinnum eftir norræna módelinu.

2 = Menn þurfa að sammælast um hvað sé til skiptanna og að markmiðið sé að auka kaupmátt.

Hópurinn var að mestu sammála ofangreindu en þó kom einnig fram sú skoðun að skoða frekar krónutöluhækkun fremur en prósentu sem gengur upp stigann. Kom fram í umræðum að við værum með marga fyrirtækjasamninga og markaðslaun og viljum ekki fara niður á fasta taxa. Við eigum að vera með í samstarfi ASÍ félagnna, þannig erum við sterkari. Ef ASÍ er tilbúið að fara í norræna ferlið þá eigum við að vera með þegar allir eru sammála um hvað sé til skiptanna. Einnig var spurt: „hver er launastefna ASÍ?“.

Hópur 3:

Helga, Kristjana, Harpa, Ólafur Reimar og Ólafía

Spurning 1 - Hvernig ætlar VR að hafa áhrif á stefnu ASÍ?

1 = VR þarf að skipuleggja sig vel fyrir þing ASÍ.

- Þarna var rætt um að ákveða þyrfti þingfulltrúa sem fyrst, funda með þeim útbúa bækling eða annað efni um þingið og stefnu VR á þinginu.

2 = Góð liðsheild inn á þing ASÍ.

- Funda þar með þingfulltrúum fyrir þingið þannig að VR mæti inn á þingið sem samstæður hópur.

3 = Koma inn á þingið með skýr makmið og stefnu.

- Ver búinn að móta stefnu VR í hinum ýmsu málum fyrir þingið. Þannig að öllum þingfulltrúum sé ljóst hver stefna VR sé t.d. í jafnréttismálum.

4 = Koma okkar fólki inn í allar nefndir á þinginu.

- Skipuleggja það fyrirfram inn í hvað nefndir hver þingfulltrúar fara. Þurfum að eiga fulltrúa inn í öllum nefndum sem getur talað fyrir sjónarmiðum VR.

5 = Fulltrúar VR inn í öllum fastanefndum ASÍ.

- VR á að eiga fulltrúa inn í öllum fastanefndum ASÍ
- Einnig var rætt að kynna þyrfti betur hver sæti í hvaða nefnd og að aðilar á vegum VR þyrftu að gera stjórn VR grein fyrir vinnu nefndum.

Spurning 2 - Ætlar VR að vera með í sameiginlegri launastefnu ASÍ?

1 = Vera með til lengri tíma lítið.

- Hópurinn var sammála um að það þjónaði hagsmunum VR að vera með í sameiginlegri launastefnu ASÍ. Búast mætti við að vegna stærðar VR þá yrði félagið alltaf með þeim fyrstu að semja, ef það væri ekki með öðrum félögum, og þeir sem á eftir kæmu fengju meira. Samtakamátturinn er meiri með því að semja með ASÍ. Auðveldar að koma með kröfur gagnvart stjórnvöldum sem ein heild. Ókosturinn við að vera með fjöldanum er að félagið er þá bundið heildinni en kröfur/þarfir VR félaga gætu verið aðrar en annara félaga.

2 = Fáum með að vera með fjöldanum.

3 = Sameiginleg launastefna verður að skoðast á hverjum tíma.

- Þó heildar stefnan sé að vera með í heildarlaunastefnu ASÍ til lengri tíma þá getur það þjónað hagsmunum VR að vera ekki með á ákveðnum tímamörkum. Eins gæti félagið verið neitt til að semja sjálft ef ekki er samstaða innan um sameiginlega launastefnu.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:45
Árni Leósson fundarritari